



Bjargvætturinn, 1995-96. Eig. Forum Gallery, New York.



Maður og hesthaus, 1993. Eig. Listasafnið í Bergen.

Þess vegna dugar okkur ekki hin listræna aðferð til að meta hlutina. Þeir sem menntaðir eru í listasögu eru í leiðinni mótaðir til að horfa á hlutina á ákveðinn hátt, með augum Kants eða Hegels, Adornos eða Danto. Þetta eru leiðandi stórmenni í sögunni sem mennta listasögufraeðinga og tilvonandi listamenn. Ef þú hugsar um það sem ég er að gera og ferð eftir leiðsögn þessara manna, þá eru verk mín einungis skítug og hræðileg. Ég fell ekki inn í heimsmýnd þessara manna og verk mín eiga ekki heima á meðal þeirra.

En verkin þín fjalla samt sem áður um nútímann, á þeim er fólk, fjöll og hlutir, þau hljóta að skírskota til nútímans?

„Ímyndir mínar sem birtast á myndfletinum eru erkítýpur og ég lít ekki tuttuðu eða þrjátíu ár inn í framtíðina, ég horfi fram um tíuþúsund ár. Tímaandrum mitt á ekkert sameiginlegt með nýbylgjutímarami dagsins í dag, sem merkir að þú ert að gera eitthvað sem er á undan tímanum sem þú lifir á. Í dag merkir það að hafa nútímalega hugsun að geta

hugsað eins og tuttuðu ár fram í tímann, og að þú getir fundið lyktina af því sem þú varst að tala um fyrir tuttuðu árum og miklast af því. Í minni stöðu gildir það sem ég sagði áðan að ég verð að hugsa tíu þúsund ár fram í tímann, svo list mín getur alls ekki verið nútímaleg. Öll mín verk, og aðeins hluti þeirra verður á sýningunni hér, fjalla um hluti úr okkar tíma og sýnir jafnframt hluti frá ævafornum tíma og sumir hlutanna eru eilífir, alltaf jafngóðir og gildir. Þú getur ekki sagt um þá að þeir tilheyri þessum tíma frekar en öðrum.“

#### Sjónræn heimspeki

„Ég hef orðið fyrir miklum áhrifum af íslenskri náttúru og landslagi hér skilar sér inn í myndir mínar, ég hef jafnvel notað íslenskan sand í nokkrar myndir mínar.“

Í framhaldi af því sem þú sagðir áðan og eftir myndunum af dæma sem líkjast helst blöndu af nútímalist og endurreisnarmálverkum, þá virðast verk þín tímalaus. Þau túlka ekki einn tíma frekar en annan?



Tvíburar, 1998. Í einkaeign.

„Ég veit það ekki sjálfur, nema það að ég vil alls ekki vera tengdur við minn eigin tíma eða tímann eftir hundrað ár eða svo. Mig langar til að vera tengdur við tíma sem er ekki til, tímaleysi. Þess vegna leita ég að erkítýpum á myndfletum verka minna. Málverkin eru líka máluð á sama hátt og gömlu meistaramir máluðu myndir sínar, til dæmis Rembrandt sem starfaði á þeim tíma þegar handverk listamannsins stóð með hvað mestum blóma í sögunni. Ég reyni að miða mig við hann og þá tíma sem hann lifði á. Þegar ég ákvað að taka hann mér til fyrirmyndar leið mér eins og hót-elgesti við matarborð, þar sem þú getur valið á milli margra ólíkra rétta. Ég var ungur þá og það var offramboð af fyrirmyndum eins og á allsnægtaborði stórmarkaðanna nú til dags. Ég valdi ekki fyrirmynd vegna þess að ég „átti að velja hana“ heldur vegna þess að mér „líkaði hún“ og mér líkaði Rembrandt og hann höfðaði til mín. Af allri listasögunni hreif barokktímabilið mig mest og ég menntaði mig í því tímabili og tók það mér til tæknilegrar fyrirmyndar. Ég var ekki póstmóðernísk persóna heldur póstmóðernískur „veljari“ tuttuðu árum á undan póstmóðernismanum.“

Hvert er viðhorf þitt til hinnar póstmóðernísku og hugmyndafræðilegu listar samtímans?

„Ég hef engar skoðanir á henni og veit ekkert um hana. Ég hef ósköp litið velt listastefnum fyrir mér og hef einkanlega stúderað og skoðað heimspeki, vegna þess að mér finnst málverk vera tegund af sjónrænni heimspeki. Núna er ég mjög upptekinn við að grandskoða Kant vegna þess að ég held, eða öllu heldur veit, að Kant var höfundur hins listræna viðhorfs sem við vorum að tala um áðan. Hann skapaði það. Það skilur þetta enginn fullkomlega, en ég fullyrði að Kant var skapari þeirra reglna sem gilda í listinni. Hann byggði reglur sínar einkanlega á kristilegum skilningi og þá skilningi mótmælendatrúarinnar í Þýskalandi. Hann sagði: það sem þú sérð með þínum líkamlegu augum og þínum skilningi; er falskt! Það er einungis rísið að baki sem er satt. Hann er leiðtogi nútímalistarinnar og móðernismans. Kant skrifaði verk sín um 1790 og í þeim lagði hann grundvöllinn að nútímalistinni. Á undan Kant var engin list til, bara handverk. Þess vegna er ég ekki listamaður heldur kitsch-málari vegna þess að ég fór aftur til þess tíma sem ekki er brennimerktur af Kant.“

Þannig að við getum slegið því föstu að Immanuel Kant er ekki meðal þinna uppáhalds manna eða helstu áhrifavalda?

„Nei, nei, hann er andstæðingur minn! Kant hefur svipaða stöðu innan listarinnar og Marx hafði á meðal Marxista, þannig að ef þú lítur á Kant sem höfuðóvin þinn eins og ég geri, þá lítur þú í leiðinni á alla listgagnrýndur sömu augum og sem óvini þína. Þeir eru skilgetið afkvæmi hans! Hin listræna aðferð þeirra er afurð Immanuel's Kant. Verk eins og ég er að vinna að eru í augum Kants lítillsíglu vegna þess að ég fer ekki inn í hlutina og virði þá fyrir mér þar og athuga hvað býr að baki þeim. Ég held mig við yfirborðið og birti þar allt sem ég vil segja.“

#### Fylgir ekki settum reglum

„Rísið hérna á blaðinu er veröldin eins og hún birtist hjá Kant, áður en við tókum til við að móta hana,“ segir Odd Nerdrum og krefsar með blýanti á bréffurrku. Það er ekki ofsagt að heimspekiþátturinn frá Königsbergi er honum ofarlega í huga: „En ég fyrirlikt þetta viðhorf ekki, það væri heimskulegt. Þetta er einungis ein leið til að hugsa og ég tileinka mér hana ekki.“

En rísið tekur smátt og smátt á sig form? „Já, þú getur skapað ýmis munstur með

rísinu eða jafnvel skapað austurlenska og fjarlæga hugsun um náttúruna, eða hæðst að henni og sagt: Náttúran er ógæðsleg. En á þeim tíma þegar þú elskar náttúruna eða þér líkar hún án þess að hika, þá ert þú samkvæmt Kant án þekkingar á raunveruleikanum. Vegna þess að þegar þú ert glaður yfir því að sjá eitthvað verður þú að gagnrýna það í leiðinni. Kant er mjög gagnrýnn og hann var alltaf að hugsa um gagnrýni hreinnar skynsemi. Ef þú ert ekki gagnrýnn í hugsun þá ert þú ekki gáfaður og skilur barasta ekki nokkurn hlut af því sem gerist í kringum þig. Ég er ekki svona, ég fyllist gleði yfir því sem er stórkostlegt og ég er ekki gagnrýnn að upplagi.“

Lífið sjálft eins og það birtist þér án útskýringa er þá ef til vill viðfangsefni þitt?

„Ég fer aftur til hins sjónræna og hirði ekki um mannlega veikleika. Þú verður að sjá hlutina eins og þeir eru, að það býr ekkert að baki þeim. Allt birtist á yfirborðinu, myndir mínar fjalla um yfirborðið og sýna og segja allt sem segja þarf. Mín útlekking á yfirborðinu er sú að þú sért mjög hugfanginn af raunveruleikanum og þú horfir ekki á raunveruleikann sem vandamál. Ég er málari raunveruleikans.“

Hvað sérð þú á Íslandi, er það birtan eða landslagið sem heillar þig eða er það eitthvað allt annað? Er auðnin á Íslandi kannski eins og heimurinn var áður en hugmyndafræðingarnir tóku til við að teppaleggja hann?

„Ég er blóðlatur náungi og ég hata að mála tré, öll laufblöðin þurfa hvert um sig sinn lit og það eru alltof mörg tré í Noregi. Já, Ísland er öðruvísi og svo stórkostlegt vegna þess að hér er allt þetta eyðilega landslag á trjáa og þannig losna ég við þetta allt sem við höfum yfirum nóg af í Noregi. Hérna er mynd af Helgu, íslenskrí stúlku sem dvaldist hjá okkur í Noregi. Hún var sannarlega til sóma, hún Helga hin fagra, eins og nafna hennar í Gunnlaugs sögu Ormstungu.“

Hvað vilt þú segja við Íslendingana sem vonandi flykkjast hingað til þess að sjá myndir þínar hér á Kjarvalsstöðum?

„Ekki neitt! Ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég er svo hrifinn af Íslandi, landinu sjálfu og fólki sem ég hef kynnst hér. Ég vil segja, og þetta er áriðandi að komi fram; ég reyndi í fimmtán ár að komast hjá því að halda þessa sýningu vegna þess að ég vildi ekki halda hana yfirhöfuð. Astæða þessa er sú að ég vildi ekki valda fólki vonbrigðum, ég veit að verk mín valda fólki vonbrigðum vegna þess að þau eru svo óhefðbundin og einstök og ég horfi ef til vill öðruvísi á heiminn heldur en við erum von að gera. Núna er ég tilneyddur til að halda sýninguna, mér er ekki undankomu auðið að þessu sinni.“

Mér sýnist ýmislegt benda til þess að Íslendingum muni líka sýningin, enda forframaðir og öllu vanir.

„Við erum að tala um ólíka hluti hér. Fólk er eitt, listgagnrýndur annað. Fólkinnu sem hefur völdin í menningunni mun ekki líka þessi sýning. Ég er óvinur þeirra markmiða sem það setur sér. Þetta hefur orðið raunin í Noregi, ég er sennilega hataðasta opinbera persónan þar á landi. Ég vona bara að íslenskur almenningur verði mér ekki reiður vegna þess að ég hef átt hér svo góðar stundir og eignast kæra vini. Það má ekki skilja þetta sem svo að ég sé ill persóna en ég fylgi þó ekki reglum sem gilda. Ég hef aldrei getað gert það sem pabbi segir mér að gera. Ég verð að gera hlutina á minn hátt, ekki eins og fyrir-mælin kveða á um, eða pabbi eða einhver stofnun ákveður. Ef ég gerði það þá væri ég nútímalistamaður, og það er eitthvað sem ég vil alls ekki vera.“